

HÚSÖNDIN

12.tbl. 4.árg.
30. mars 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804



*Húsöndin fer í páskafrí,
næsti útgáfudagur er 13. apríl.
Gleðilega páska!*



AFMÆLISBÖRN DAGANA 30. MARS - 6. APRÍL

- 31.3. Anna Dagbjört Andrésdóttir
- 1.4. Sólveig Jónsdóttir, Arnþrúður Dagsdóttir
- 2.4. Valdimar Ellertsson
- 3.4. Ingólfur I Jónasson, Júlía Katrín Björke,
Aron Dagur Ottósson
- 5.4. Sigrún Jóhannsdóttir

Hátíðarguðsþjónusta á páskadag, 4. apríl 2021 kl. 11:00 í Reykjahlíðarkirkju



Fyrirhugað er að halda hátíðarguðsþjónustu á páskadag, 4. apríl 2021 kl. 11:00 í Reykjahlíðarkirkju. Í ljósi núgildandi samkomutakmarkana (sem leyfir allt að 30 manns í hverju rými við kirkjulegar athafnir) verður stofnaður viðburður á Facebook-síðu Reykjahlíðarkirkju, þar sem væntanlegir kirkjugestir eru beðnir að skrá sig fyrir fram.

Félagar í Kór Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðasóknar munu syngja og organisti verður Attila Szebik, sem nýlega tók til starfa hjá sóknunum á Húsavík, í Aðaldal, Reykjadal og í Mývatnssveit.

Þar sem Jaan Alavere hefði átt afmæli 4. apríl ætlum við að minnast hans með því að syngja sálminn “Kristur, Guðs sonur sanni...” við lag eftir Jaan og “Þú ert Drottinn, dýrð sé þér...” í raddsetningu Jaans.

Almennar sóttvarnareglur gilda og þess vegna er andlitsgrímuskylda ef ekki eru a.m.k. 2 metrar á milli óskyldra aðila.

Tillaga um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

Samstarfsnefnd um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hefur unnið greinargerð um sameiningu sveitarfélaganna. Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna í eitt.

Álit nefndarinnar og greinargerð hafa fengið tvær umræður í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram laugardaginn 5. júní 2021 í báðum sveitarfélögunum. Við ákvörðun um kjördag hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



ÞINGEYINGUR